

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 1781/91**frá 19. júní 1991****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnar (EBE) nr. 1014/90 ⁽²⁾ er mælt fyrir um frumgerð ítarlegra framkvæmdarreglna. Nauðsynlegt er að auka við þær.

Svo að tekið sé mið af gömlum hefðum sem höfðu skapast löngu áður en reglugerð (EBE) nr. 1576/89 öðlaðist gildi ætti að leyfa áframhaldandi notkun tiltekinna samsettra heita á líkjörum þótt vínandinn hafi ekki fengist, eða ekki eingöngu fengist, úr þeim brennda drykk sem vísað er til. Nauðsynlegt er að tilgreina skilyrði fyrir merkingu þessara líkjöra til þess að koma í veg fyrir að þeim og brenndu drykkjunum sem eru skilgreindir í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 verði ruglað saman.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um brennda drykki.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Við reglugerð (EBE) nr. 1014/90 bætist 7. gr. b:

„7. gr. b

1. Samkvæmt öðrum undirlið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1576/89 er óheimilt að nota samheitið í samsettu hugtökum í kynningu brennds drykkjar nema vínandi drykkjarins hafi fengist eingöngu úr þeim brennda drykk sem er tilgreindur.

2. Að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem ríkja þegar reglugerð þessi öðlast gildi er þó einungis heimilt að nota eftirtalin samsett hugtök við kynningu líkjöra sem eru framleiddir í bandalaginu:

*prune brandy**orange brandy**apricot brandy**cherry brandy**solbærróm, einnig kallað blackcurrant rum.*

3. Að því er varðar merkingu og kynningu líkjöra sem eru taldir upp í 2. mgr. verða samsettu hugtökin að standa á merkimiðanum við hlið orðsins „líkjör“, letruð í sama lit og með sams konar letri sem er í engu minna en letur þess orðs.

Ef vínandinn hefur ekki fengist úr brennda drykknum sem gefinn er upp skal á merkimiðanum vera vísun til þess vínanda sem er notaður, þannig að þær upplýsingar sjáist í sömu sjónhendingu og orðin sem hér að framan greinir. Annaðhvort skal sú vísun felast í upplýsingum um hvers konar vínanda úr landbúnaði er notaður eða með því að letra orðin „framleitt úr“ eða „gert úr“ ávallt á undan orðunum „vínanda úr landbúnaði“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.